

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 133/2020

frá 25. september 2020

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/758 frá 31. janúar 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksaðgerðir og tegundir viðbótar ráðstafana sem lána- og fjármálastofnanir verða að grípa til til að draga úr áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í þriðju löndum ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 23bc (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1108) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„23bd. **32019 R 0758**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/758 frá 31. janúar 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksaðgerðir og tegundir viðbótar ráðstafana sem lána- og fjármálastofnanir verða að grípa til til að draga úr áhættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í þriðju löndum (Stjtið. ESB L 125, 14.5.2019, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/758, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 125, 14.5.2019, bls. 4.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.